

AUGLÝSING**um umferð á Sauðárkróki.**

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu bæjarstjórnar Sauðárkróks hafa eftirtaldar reglur verið ákveðnar varðandi umferð á Sauðárkróki:

Á Strandvegi verður aðalbrautarréttur. Biðskylda verður því á Aðalgötu gagnvart Strandvegi, á Freyjugötu gagnvart Strandvegi og á sundi norðan Rafsjár gagnvart Strandvegi.

Reglur þessar taka gildi nú þegar.

Lögreglustjórinn á Sauðárkróki, 11. september 1991.

Sigríður J. Friðjónsdóttir, aðalfulltrúi.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um vörubifreiðar og sendibifreiðar, sem notaðar eru til leiguaksturs og takmarkanir á fjölda þeirra, nr. 121/1990, ásamt síðari breytingum.

1. gr.

27. tölul. 7. gr. orðist svo:

Á félagssvæði Vörubílstjórufélags Suðurnesja, sem er Keflavík, Njarðvík, Vatnsleysustrandar-, Gerða-, Miðnes- og Hafnahreppur. Hámarkstala er 25 vörubifreiðar.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum um leigubifreiðar, nr. 77/1989, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtast til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 20. september 1991.

Halldór Blöndal.

Elín Helgadóttir.

GJALDSKRÁ

fyrir heilbrigðiseftirlit á starfssvæði Heilbrigðiseftirlits Eyjafjarðar.

1. gr.

Af eftirlitsskyldri starfsemi á starfssvæði heilbrigðiseftirlits Eyjafjarðar er sveitarstjórn-um heimilt að innheimta gjöld svo sem greinir í gjaldskrá þessari.

2. gr.

Eftirlitsskyldum fyrirtækjum er skipt í fjóra flokka eftir gerð og umfangi, sbr. fyrirtækjalista sem fylgir með gjaldskrá þessari.

Færsla fyrirtækja milli flokka skal staðfest á sama hátt og gjaldskrá þessi og listi.